

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1645
komudagur 18.2.2013

Reykjavík 18. febrúar 2013.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál.

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál og er um heildarendurskoðun á gildandi lögum að ræða. Sjómannasamband Íslands er sammála því að tímabært sé að endurskoða gildandi lög um stjórn fiskveiðanna í heild sinni. Sjómannasambandið gerir þó alvarlegar athugasemdir við nokkur ákvæði fyrirbyggjandi frumvarps.

Um 8. grein.

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við að aflamarki hvers fiskveiðiárs verði skipt í tvo flokka eins og 8. greinin gerir ráð fyrir. Er þá gert ráð fyrir að flokki 2 sé ætlað að mæta aflamarki sem ráðstafað er til byggðarlaga, línuvinnunar, strandveiða og þess háttar aðgerða sem þegar eru ákvæði um í gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Sjómannasamband Íslands mótmælir því hins vegar harðlega að ráðstafa eigi 50% af aflamarki þorsks umfram 240.000 lestin til flokks 2. Með þeirri ráðstöfun er verið að taka aflaheimildir af sjómönnum sem hafa atvinnu af sjómennsku og færa þær til einhverra óskilgreindra manna, sem jafnvel stunda strandveiðar í frítíma frá annarri vinnu. Jafnframt mótmælir Sjómannasamband Íslands bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu en samkvæmt því ákvæði er ætlunin að flytja verulegar veiðiheimildir frá þeim sem hafa atvinnu af sjómennsku til ríkisins til að braska með, sbr. bráðabirgðaákvæði VIII. Ráðstöfun sem þessi er ekki til þess fallin að auka hagkvæmni í greininni.

Um 11. grein.

Sjómannasamband Íslands er sammála því að nýtingaleyfi til að nýta aflahlutdeildirnar verði gefið út til 20 ára. Sjómannasamband Íslands telur þó að í greininni þyrfti jafnframt að vera skýrt ákvæði um lágmarks nýtingatíma hverju sinni, t.d. 15 ár eins og var í fyrra frumvarpi.

Um 12. grein.

Sjómannasamband Íslands gerir athugasemd við 3. mgr. 12. gr. og telur mikið óhagræði af því fyrir greinina að takmarka framsal aflahlutdeilda við aflamark fiskveiðiársins 2013/2014. Fyrirséð er að þetta ákvæði mun hafa áhrif á flutning aflahlutdeilda í þorski og ýsu milli skipa.

Um 15. grein.

Sjómannasamband Íslands tekur undir 15. grein frumvarpsins að því gefnu að viðskipti með aflamark milli aðila, þar sem skilyrðum 15. gr. er ekki fullnægt, fari um Kvótaþing.

Sjómannasamband Íslands mótmælir því hins vegar að Ríkið taki til sín veiðiheimildir frá þeim sem nú starfa í greininni til að selja á kvótapiingi.

Um 16. grein.

Sjómannasamband Íslands telur að aðskilja eigi krókaafلامarkskerfið og almenna kerfið alveg og heimila ekki flutning aflahlutdeilda eða aflamarks milli kerfa. Í gildandi lögum er einstefna til krókaafلامarksskipa sem Sjómannasamband Íslands telur afar óeðlilegt.

Um 17. grein.

Sjómannasamband Íslands styður þá aðgerð að sett verði á stofn Kvótapiing þar sem viðskipti úrgerða með aflamark fara fram. Sjómannasamband Íslands saknar þess hins vegar að samhliða þessu sé ekki tekið á verðmyndun og viðskiptaháttum með fiskinn sjálfan eftir að búið er að veiða hann. Sjómannasamband Íslands teldi eðlilegt að samhliða endurskoðun laganna um stjórn fiskveiðanna verði stigið skref í átt að því að skylda útgerðir til að selja aflann á uppboðsmarkaði fyrir fisk.

Um 20. grein.

Sjómannasamband Íslands hafnar 1. mgr. þessarar greinar þar sem gert er ráð fyrir að 3,6% af leyfðum heildarafla þorsks og 3,6% af leyfðum heildarafla ufsa verði nýtt til strandveiða. Samkvæmt núgildandi lögum fara samtals 6.800 tonn af þorski og 1.800 tonn af ufsa til strandveiða. Fyrirséð er að leyfilegur heildarafla þorsks muni aukast á næstu fiskveiðiárum. Verði þessi liður frumvarpsins samþykktur er því enn verið að taka þorskkvóta af sjómönnum sem hafa atvinnu af sjómennsku og færa hann til manna sem stunda strandveiðar í frítíma sínum. Ekki hefur verið sýnt fram á að strandveiðar séu hagkvæmari eða skili þjóðarþúinu meiru en hefðbundnar fiskveiðar. Sjómannasamband Íslands telur því að ekki séu forsendur til að auka enn við þann kvóta sem ætlaður er til strandveiðanna.

Um 21. grein.

Sjómannasamband Íslands telur að afnema eigi svokallaðan byggðakvóta.

Um 22. grein.

Sjómannasamband Íslands telur að afnema eigi línuviltun.

Um 27. grein.

Sjómannasamband Íslands hefur ítrekað gert athugasemd við að löggjafinn sé að hlutast til um kjaramál sjómanna með því að setja í lögum um stjórn fiskveiða að sjómenn skuli aðeins fá laun úr 20% aflaverðmætisins þegar útgerð landar afla utan kvóta, þ.e. svokölluðum VS afla. Samkvæmt kjarasamningi eiga sjómenn að fá hlut úr heildarverðmæti aflans og er Alþingi beðið um að virða það ákvæði kjarasamnings sjómanna.

Um 28. grein.


Sjómannasamband Íslands telur engin rök fyrir því að reiknað sé sérstakt álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað og hafnar því þessari grein frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Eins og áður hefur komið fram í þessari umsögn mótmælir Sjómannasamband Íslands því harðlega að flytja eigi í verulegum mæli veiðiheimildir frá sjómönnum sem hafa lifibrauð sitt af sjómennsku til flokks 2 sbr. athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins. Eðlilegt er að mati Sjómannasambands Íslands að aflahlutdeildir hvefarr tegundar séu skertar um sama hlutfall til að mæta því aflamarki sem samkvæmt gildandi lögum fer til strandveiða, byggðakvóta,

línuívilnunar og þess háttar aðgerða. Allri skerðingu umfram það sem þegar fer í framangreinda málaflokka til að auka vægi flokks 2 er harðlega mótmælt.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson